

Nr. 12/1894: Halldór bæjarfógeti Daníelsson fyrir
hönd dánarbús Magnúsar Jónssonar
gegn
Jóni Magnússyni og sýslumanni
Frans Siemsen fyrir hönd dánarbús
Kristins Ólafssonar.

D ó m u r:

Með skjali, útgefnu 27. apríl 1886, gaf Magnús heitinn Jónsson í Bráðræði börnum sínum 7, þar á meðal stefnda Jóni Magnússyni og konu Kristins heitins Ólafssonar, en dánarbúi hans er stefnt hjer fyrir rjettinn, til jafnra skipta allar jarðeignir sínar, 5 að tölu, er metnar voru í brjefinu á samtals 12,720 kr., og skyldi hvert barnanna verða rjettur eigandi að $\frac{1}{7}$ hluta hverrar fasteignar um sig og hafa full og óbundin eignarráð yfir jarðeignunum frá útgáfudegi gjafabrjefsins. Í sama brjefi afhenti hann og tengdasyni sínum, fyrnefndum Kristni Ólafssyni, íveruhús og hjall í Bráðræði, virt á 2900 kr., gegn því að hann tæki að sjer að greiða skuldir nokkrar, er á honum hvíldu, og loks afhenti hann og sama Kristni Ólafssyni heyhlöðu og fjós í Bráðræði, metið á 1100 kr., og 2 skuldabrjef, að upphæð samtals 539 kr., svo og allt lausafje sitt í lifandi og dauðum munum, hverju nafni sem nefndist, gegn því að Kristinn skuldbyndi sig til, að veita honum gott og heidarlegt framfæri að öllu leyti, svo lengi sem hann kynni að þarfnast þess. Gjafabrjefi þessu virðist hafa verið þinglýst í Reykjavík, þar sem varnarþing gefandans var og nokkrar af eignunum liggja, en eigi þar sem hinar aðrar jarðirnar tjást vera, í Árnessýslu og Kjósarsýslu. Árið 1889 dó Magnús Jónsson og varð

búi hans protabú. Eptir kröfu eins af skuldheimtumönnum þess, B. Muus & Co. í Kaupmannahöfn, var nú mál þetta höfðað af dánarbúinu gegn tveimur af erfingjum Magnúsar, hinum stefndu, en B. Muus & Co. krafðist úr búinu greiðslu á skuld að upphæð 30469 kr. 60 a. — auk 7% vaxta af allt að 40,000 kr., er Magnús Jónsson hafði með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 3. nóv. 1887, staðfestum af hæstarjetti 2. júní 1891, verið dæmdur til að greiða B. Muus & Co. sökum þess, að Magús hafði gjörzt sjálfskuldarábyrgðarmaður Sigurðar sonar síns í verzlunarviðskiptum hans við Muus & Co., en Sigurður varð gjaldproti voríð 1886, en þó eptir að gjafabrjefið 27. apríl 1886 var útgefið, og vantaði nefnda upphæð til að Muus & Co. fengi skuld sína borgaða úr búi hans. Því hefir nú verið haldið fram af dánarbúi Magnúsar Jónssonar í máli þessu, að Magnús Jónsson hafi með fyrtrjedu gjafabrjefi til barna sinna gjört sjer ómögulegt að fullnægja löglegum skuldum sínum, sjerstaklega nýnefndri skuld, er hvíldi á honum sem sjálfskuldarábyrgðarmanni sonar síns Sigurðar, sem var tilorðin þá er gjafabrjefið var útgefið, og geti gjöfin því eigi staðizt, hvorki eptir hlutarins eðli eða gildandi lögum, en eigi að dæmast ógild gagnvart búi Magnúsar, sem varð protabú samkvæmt N. L. 5—4—8 og 5—13—44; þá hafi og gjafabrjefið eigi verið þinglesið í Árnæssýslu og Kjósarsýslu, og sje því afhending jarða þeirra, er þar sjeu, ógild gagnvart protabúinu, þegar af þeirri ástæðu; og yfir höfuð hafi gjafabrjefið verið pro forma að eins og aldrei komið til framkvæmdar, enda hljóti að hafa verið gjört í þeim tilgangi að svipta skuldheimtumenn löglegum rjetti og komi þannig í bága við lögin. — Krafðist dánarbúið þess fyrir undirrettin-

um í máli þessu, að hinir stefndu, Jón Magnússon og Kristinn Ólafsson, væru skyldaðir til að skila inn í dánarbú Magnúsar fjármunum þeim, er þeir hefðu fengið samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 ásamt afurðum frá sáttakærudegi og málskostnaði, en með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur 31. ágúst f. á. voru þeir dæmdir sýknir af kærnum og kröfum búsinis og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir skiptaráðandinn í dánarbúi Magnúsar Jónssonar áfrýjað til yfirdómsins fyrir búsinis hönd og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hinir stefndu verði dæmdir til að skila inn í dánar- og protabú Magnúsar Jónssonar öllum þeim fjármunum, sem hver þeirra Jóns Magnússonar og Kristins Ólafssonar hafi fengið samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 með afurðum frá sáttakærudegi, og að þeir greiði málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, að því verði vísað frá undirrjettinum, og til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefjast þeir og málskostnaðar, hvernig sem fer, með 100 kr. eða einhverju nægilegu.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi skiptaráðandi á því, að gjöfin samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 hafi verið gefin dóttur Magnúsar Jónssonar, konu Kristins heitins Ólafssonar, til þess hún nyti hennar ein, og sje því máli þessu ranglega snúið á hendur búi Kristins heitins. Í öðru lagi sje engin heimild til þess í 33. gr. skiptalaganna, þar sem dánarbú Kristins Ólafssonar sje tekið til opinberra skipta, að stefna skipta-

ráðandanum hjer fyrir rjettinn. Hvað fyrri ástæðuna snertir, þá myndi hún, ef rjett væri, leiða til sýknunar að því bú Kristins Ólafssonar snertir, en eigi til frávisunar málsins. Hvað hina ástæðuna snertir, þá var það sjálfsgöður rjettur áfrýjandans, að mega láta prófa dóm þann fyrir æðri rjetti, sem fallinn var í máli milli hans og Kristins heitins, og er slíkt í samhljóðun við 33. gr. skiptalaganna. Frávisunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Hvað aðalefni málsins snertir, þá er ekkert upplýst í málinu um, hvað hvor hinna stefndu Jóns Magnússonar og Kristins Ólafssonar hafi fengið samkvæmt optnefndu gjafabrjefi, annað en það, sem í brjefinu stendur, að þeir skuli eiga $\frac{1}{7}$ úr hverri af hinum 5 þar upp töldu jörðum og Kristinn auk þess eignast einn ýmsa tilgreinda muni til skuldagreiðslu og til framfæris Magnúsi; en á þessari skiptingu brjefsins verður þó eigi byggt neitt og báðir málsaðilar virðast í málinu vera sammála um það, að erfingjarnir og sjerstaklega hinir stefndu, hafi eigi tekið sinn hluta í gjöfinni á þann hátt, er gjafabrjefið ákveður, enda er það víst um eina af hinum 5 jarðeignunum, að hún var seld eptir að gjafabrjefið var komið til, til lúkningar skuld, er á Magnúsi Jónssyni hvíldi, og sem stefndi, Kristinn heitinn Ólafsson, einn átti samkvæmt brjefinu að greiða af sínum hluta. Kröfur áfrýjanda eru nú einnig svo, að í þeim er eigi fólgin nein ákveðin fullyrðing um, hverjar jarðeignir eða aðrir fjármunir hafi runnið inn til hvors um sig af hinum stefndu, er þeir því verði skyldaðir til að skila inn í bú Magnúsar Jónssonar, en það virðist hælzt tilgangur hans að fá dóm nú, er skyldi stefndu

til að skila því inn í búíð, »er þeir hafi fengið samkvæmt gjafabrjefinu«, en hvað það hafi verið, megi fá upplýst síðar fyrir fúgetarjetti eða í sjerstöku máli. En á svo óákveðnum grundvelli verður enginn dómur byggður. Annað veifið virðist einnig áfrýjandinn ganga út frá því, að jarðeignirnar og aðrir þeir fjármunir, er gjafabrjefið ræðir um, sjeu enn í sameign milli erfingja Magnúsar Jónssonar, svo að engum þeirra tilheyri sjerstakur eignarrjettur að neinum parti þeirra, en ef svo er álitíð, átti að höfða málið til apturskilunar munanna gegn öllum erfingjunum í einu.

Af því sem nú hefir verið tekið fram leiðir, að krafa áfrýjanda um, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt í þá átt, að hinir stefndu verði skyldaðir til að skila því inn í búíð, er þeir samkvæmt gjafabrjefinu 27. apríl 1886 hafi fengið, getur, þegar af þeirri ástæðu, hvernig krafa þessi er orðuð, eigi orðið tekin til greina, og þar sem eigi er að ræða um neina aðra kröfu, er samkvæmt málsfærslunni geti komizt að, verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.